

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, þriðjudaginn 7. mars var haldinn 358. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 09:10.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi og Theódór Kristjánsson Mosfellsbæ. Pétur Óskarsson Hafnarfirði boðaði forföll.

Jafnframt: Steingrímur Hauksson áheyrnarfulltrúi, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarráðs dags. 23. des. 2016 þar sem fram kemur að Eva Einarsdóttir verði fulltrúi Reykjavíkurborgar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.
2. Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar dags. 3. feb. sl. þar sem fram kemur að Björg Fenger verði fulltrúi Garðabæjar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.
3. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Kópavogs dags. 10. feb. þar sem fram kemur að bókað hafi verið á fundi bæjarráðs 9. feb. sl. um bilun í lyftum í Bláfjöllum.
4. Rætt um endurbætur á svæðunum sem ráðast þarf í. Rætt um að nefndin ráðist í vinnu við framtíðarsýn skíðsvæðanna.
5. Rætt um mál varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á skíðasvæðum. Vísað til skoðunar framkvæmdastjóra og sviðsstjóra ÍTR.

Fundi slitið kl. 10:10.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Magnús Örn Guðmundsson

Theódór Kristjánsson
Anný Berglind Thorstensen